

# Klifur

Fréttablað Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, 1. tbl. 2005, 16. árg.

## Halaleikhópurinn gerir það gott

## Ætlar að róa kringum landið

# Heimaþjónusta

## - nýrra úrræða að vænta?

# Klifur

Fréttablað Sjálfsbjargar,
landssambands fatlaða.

**Ábyrgðarmaður:**
Sigurður Einarsson.

**Útgáfunefnd:**
Pálína Snorradóttir
Árni Salomonsson
Guðný Guðnadóttir
Jón Hlöðver Áskelsson
Örn Sigurðsson

**Skrifstofa Sjálfsbjargar, lsf.**
Hátúni 12, 105 Reykjavík.
Sími 550-0300, fax: 550-0399,
tölvupóstur: mottaka@sjalfsbjorg.is

**Framkvæmdastjóri:**
Sigurður Einarsson.

**Fjármálafulltrúi:**
Edda S. Hólmsteinsdóttir.

**Ritari:**
Steingerður Halldórsdóttir.

**Upplýsinga- og félagsmálafulltrúi**
Arndís Guðmundsdóttir.

**Hönnun og umbrot:**
Kristrún M. Heiðberg.
heidberg@islandia.is

**Prentvinnsla:**
Prentmet ehf.

ISSN 1670-312X




*Forsíðumyndin er tekin í Grasagarðinum í Laugardalnum í Reykjavík. Fyrirsætan er Hanna Margrét Kristleifsdóttir, félagi í Sjálfsbjörg á höfuðborgar-svæðinu. Mynd/kmh.*

# Efnisyfirlit:


**Forystugrein**
- Gæðastýrð heimaþjónusta byggð á viðhorfum notenda — 3

**Vantar meiri sveigjanleika**
- Viðtal við notanda að heimaþjónustu — 5-6

**Leita þarf nýrra úrræða fyrir fatlaða**
- Viðtal við hjúkrunarforstjóra heilsugæslunnar í Rvk. — 7-8

**Halaleikhópurinn sýnir Kirsuberjagarðinn**
- Viðtal við Guðjón Sigvaldason, leikstjóra — 8-9

**Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni**
- Fréttir af starfinu — 10

**Ég er til í slaginn**
- Viðtal við Kjartan J. Hauksson ræðara — 12-13

**Aðgengi fyrir alla**
- Ráðstefna á Selfossi um bætt aðgengi — 14

**Persónan**
- Einar Andrésson — 15

**Hjálparhundar**
- Sjálfsbjörg berst fyrir að fá þá viðurkennda — 17

**Kvennahreyfing ÖBÍ formlega stofnuð**
- Fatlaðar og langveikar konur bera saman bækur sínar — 24
















# Gæðastýrð heimaþjónusta byggð á viðhorfum notenda

Heimaþjónustunefnd Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, tók til starfa haustið 2004. Markmið nefndarinnar er að móta stefnu Sjálfsbjargar í heimaþjónustu. Með heimaþjónustu er átt við félagslega heimaþjónustu, sem sveitarfélög veita og heimahjúkrun, sem er á hendi ríkisins. Til að afla upplýsinga vegna vinnu við stefnumótun Sjálfsbjargar í heimaþjónustu hefur nefndin m.a. sent aðildarfélögum Sjálfsbjargar bréf þess efnis að afla upplýsinga um reglur og gjaldskrá um heimaþjónustu sveitarfélaga, þar sem aðildarfélög starfa. Einnig hefur umræðuhópur starfað þar sem notendum þjónustunnar gefst kostur á að hittast og ræða um hana. Fyrsti fundur umræðuhóps var 9. febrúar 2005 og hafa fundirnir verið hálfsmánaðarlega.

### Viðhorfskönnun meðal Sjálfsbjargarfélaga

Viðhorfskönnun á heimaþjónustu fylgir Klifri að þessu sinni. Sjálfsbjargarfélagar eru hvattir til að taka þátt í könnuninni. Upplýsingar er varða reglur, gjaldskrá og gagnlegar umræður og niðurstöður úr könnun auðvelda nefndinni að marka stefnu Sjálfsbjargar í heimaþjónustu. Heimaþjónustunefndin vill leggja fram drög að stefnu fyrir sambandstjórnarfund haustið 2005.

### Samræma þarf reglur og gjaldskrár sveitarfélaga

Að hafa val um þjónustu, óháð búsetu, er réttlætismál. Í þeim upplýsingum sem aðildarfélög hafa aflað og sent til skrifstofu Sjálfsbjargar kemur fram að reglur og gjaldskrá um heimaþjónustu eru mismunandi eftir sveitarfélögum. Tryggja þarf að notendum heimaþjónustunnar sé gert kleift að velja sér búsetu óháð fötlun, með því að samræma reglur og gjaldskrá fyrir heimaþjónustu sveitarfélaganna fyrir allt landið. Einnig þurfa upplýsingar um reglur og gjaldskrá að vera á heimasíðum sveitarfélaga. Það varðar mannréttindi að geta stundað vinnu, hafa val um að lifa fjölskyldulífi óháð fötlun og búsetu.

Viðhorf notenda til heimaþjónustu þarf að hafa að leiðarljósi þegar bæta á þjónustuna! Notendur verða að geta gagnrýnt og komið með ábendingar. Núverandi skipulag gefur notendum ekki nægjanlegt svigrúm til að gagnrýna þjónustuna vegna manneklu og lítils sveigjanleika. Við slíkar aðstæður er erfitt fyrir notendur að gagnrýna þegar ekkert annað er í boði; starfsfólk eða önnur úrræði. Hætt er við því að notendur gefist upp á þeirri þjónustu sem þeir eiga rétt á.



*Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, varaformaður Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, skrifar.*

> „Núverandi skipulag gefur notendum ekki nægjanlegt svigrúm til að gagnrýna þjónustuna vegna manneklu og lítils sveigjanleika.“

Umhverfi starfsfólks heimaþjónustunnar þarf að vera hvetjandi og leiða til þess að starfsfólkið geti unnið sig upp til meiri ábyrgðar í starfi, t.d. með því að sækja námskeið og stunda nám sem leiðir til hærri launa. Mikið vinnuálag er algengt vegna skorts á starfsfólki. Ekkert má koma upp á, eins og veikindi eða sumarleyfi, svo þjónustan fari ekki úr skorðum. Álag á notendur felst í því, að mikið óöryggi fylgir tíðum mannaskiptum, starfsfólki með litla reynslu og þekkingu á hlutverki sínu og ósveigjanlegt kerfi sem er angi af stofnanavæðingu. Hagsmunasamtök eins og Sjálfsbjörg þurfa að vera ráðgefandi við að bæta þjónustuna. Með samstarfi við aðila frá heimaþjónustunni getur Sjálfsbjörg veitt starfsfólki fræðslu byggða á viðhorfum notenda.

### Aukin lífsgæði

Í nútíma samfélagi þarf heimaþjónustan að vera sveigjanlegri og taka mið af þörfum notenda. Einstaklingsmiðuð þjónusta tekur mið af breytilegum þörfum notenda þar sem einstaklingurinn og þarfir hans eru í brennidepli. Ungt hreyfihamlað fólk tekur virkari þátt í samfélaginu en áður var. Heimaþjónustan þarf að ýta undir að fólk geti búið sjálfstætt.

*-framhald á næstu bls.*

Að hún sé ekki vinnuletjandi, samanber tekjutengingu og mismuni ekki fólki eftir fötlun. Að fólk sé ekki að borga fyrir þjónustu við að fara á fætur til að stunda vinnu! Að notendur hafi val um hver þjónustar þá við félagslega heimaþjónustu, með því til dæmis að þjónustuþegi fái úthlutað fé frá sveitarfélagi sem hann ráðstafar sjálfur til kaupa á heimaþjónustu. Með þeim skilyrðum að þjónustuþegi sjái um allar greiðslur og skyldur varðandi þjónustuna. Slíkt fyrirkomulag hentar sumum notendum en öðrum ekki. Að hafa valið eykur sveigjanleika á þjónustunni. Gæðastýrð heimaþjónusta byggð á viðhorfum notenda stuðlar að auknum lífsgæðum!

## Viðhorfskönnun fylgir Klifri

Með þessu blaði fylgir viðhorfskönnun. Hún er hugsuð fyrir þá Sjálfsbjargarfélaga sem þiggja heimaþjónustu og heimahjúkrun. Könnunin er liður í því að móta stefnu og heildarsýn Sjálfsbjargar, lsf. um heimaþjónustu og sjá til þess að raddir notenda heyrist. Við hvetjum alla þá sem eru notendur þessarar þjónustu að taka þátt.

## Næsta Klifur kemur út í júní

Næsta blað Klifurs kemur út í júní 2005. Þeir sem eru með efni í blaðið eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við Kristrúnu M. Heiðberg í síma: 587-4798, 898-3098, netfang: heidberg@islandia.is. Aðsent efni þarf að berast fyrir 20. maí 2005.

# Samþætting á heimaþjónustu í Reykjavík

Breytinga er að vænta á heimaþjónustu í Reykjavík. Þetta er gert í kjölfar tilraunaverkefnis, sem nefnist Samþætting á heimaþjónustu í Reykjavík, og varð til í framhaldi af skýrslu samráðshóps um málefni eldri borgara frá því í nóvember 2002. Þar kemur fram mikilvægi þess að samþætta félagslega heimaþjónustu (heimilishjálp) og heimahjúkrun.

Í nóvember 2003 var undirritað samkomulag á milli Heilbrigðisráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um tilraunaverkefni þess efnis til tveggja ára. Tilgangurinn með verkefninu er fyrst og fremst að bæta þjónustuna með því að auka samskipti og samráð á milli félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar og draga þar með úr stofnanavistun. Heimaþjónustunni er ætlað að sjá meira um félagslegan stuðning og að heimahjúkrun verði meira ráðgefandi. Einnig á að koma á sameiginlegri matstækni, RAI homecare, til að meta þörf fólks fyrir aðstoð. Í lok ársins 2005 á að liggja fyrir endanlegt mat á verkefninu. Þá verður tekin ákvörðun um með hvaða hætti samþætt heimaþjónusta verði rekin í Reykjavík.

Sjálfsbjörg, sem og öðrum samtökum og félögum, var boðið til kynningarfundar áður en lagt var af stað með tilraunaverkefnið. Sjálfsbjörg fannst mikilvægt að raddir notenda kæmu einnig fram, þ.e. að ákvarðanir að framtíðarskipulagi heimaþjónustu væru ekki eingöngu teknar af fagaðilum, heldur einnig mótaðar af notendum sjálfum. Í kjölfarið ákvað Sjálfsbjörg að stofna nefnd sem hefur það að markmiði að móta stefnu Sjálfsbjargar varðandi heimaþjónustu. Í nefndinni eiga sæti Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, Sigurður Björnsson, Hallgrímur Eymundsson, Kristinn Guðjónsson og Arndís Guðmundsdóttir. Nefndin hefur m.a. komið á umræðuhópum til að heyra meira frá notendum sjálfum og hvað það er helst sem þarf að laga. Í þessu blaði fylgir svo viðhorfskönnun og verða niðurstöður hennar kynntar fyrir forsvarsmönnum heimaþjónustunnar. Í blaðinu er einnig birt viðtal við einn af fjölmörgum notendum heimaþjónustunnar, sem segir frá sinni reynslu og hvað það er sem helst þurfi að laga. Einnig er er rætt við Þórunni Ólafsdóttur, hjúkrunarforstjóra heilsugæslunnar í Reykjavík.

Sjálfsbjörg fannst mikilvægt að raddir notenda kæmu einnig fram, þ.e. að ákvarðanir að framtíðarskipulagi heimaþjónustu væru ekki eingöngu teknar af fagaðilum, heldur einnig mótaðar af notendum sjálfum.

# „Vantar meiri sveigjanleika“

-segir notandi að heimaþjónustu.

Blaðamaður Klifurs ræddi við nokkra Sjálfsbjargarfélaga sem eru notendur að heimaþjónustu. Þeir hafa flestir svipaða sögu að segja hvað þjónustuna varðar. Hér verður sögð saga eins þeirra. Hann vildi þó ekki láta nafn sitt koma fram og verður hér kallaður Gunnar.



*Heimaþjónustan þykir meira sniðin að þörfum aldraðra. Líf hreyfihamlaðs fólks hefur breyst mikið frá því sem áður var og taka þarf tillit til þess. Ungt hreyfihamlað fólk er t.d. ekki tilbúið að fara alltaf í háttinn fyrir kl. tíu á kvöldin. mynd/Handikapnytt.*

Gunnar, sem er hreyfihamlaður Reykvíkingur, fær heimahjúkrun alla morgna á virkum dögum til að aðstoða hann á fætur. „Ég fer yfirleitt á fætur á sama tíma á morgnana og það gengur út af fyrir sig mjög vel, svo langt sem það nær. Hins vegar vandast málið þegar breytingar verða á milli morgna eða á milli tíma, það er nokkuð sem er mjög erfitt að breyta með stuttum fyrirvara. Ef ég ætla t.d. að fara aðeins seinna á fætur þá gengur það illa upp, þetta er það niðurnjörvað.

Kvöldvaktin sinnir yfirleitt ekki heimsóknum lengur en til 22.00-22.30. Eftir það tekur næturvaktin við upp úr 23.30. Á þeirri vakt eru aðeins tveir starfsmenn, sem sinna svæðinu allt frá Seltjarnarnesi að Kjalarnesi og því eingöngu hægt að sinna nauðsynlegustu tilfellunum. Ef ég þarf kvöldþjónustu í háttinn þarf ég að fara snemma að hátta, vegna þess að ef ég nýti ekki kvöldþjónustuna kemst ég hugsanlega ekki í rúmið fyrr en eftir kl. eitt eða seinna eftir aðstæðum næturvaktar. Einna erfiðast er þó að beiðnin um tilfallandi breytingu á aðstoð þarf að koma með góðum fyrirvara. Maður þarf að vera forspár. Það vantar meiri mannskap til að sinna fólki á tímabilinu frá kl. 22 til eitt eftir miðnætti þegar flestir eru að fara í háttinn. Það sama er með morgunvaktina, hún byrjar aldrei fyrr en kl. 8. Þeir sem þurfa á henni að halda geta því væntanlega ekki farið út úr húsi fyrr en í fyrsta lagi þegar klukkan er langt gengin í níu, vegna þess að það tekur sinn tíma að komast á fætur. Ég er t.d. að vinna frá kl. níu til fimm á daginn. Ég myndi til dæmis kjósa að geta valið að byrja að vinna fyrr á morgnana á sumrin og vera þá fyrr búinn á daginn en það get ég ekki, vegna þess að kerfið býður ekki upp á það.“

**Mismunandi þarfir**

Gunnar segir vandamálið við heimahjúkrun vera skort á sveigjanleika. Kerfið sé ekki miðað nógu mikið við þarfir fólks. Notendur verði þess í stað að miða allar sínar þarfir við kerfið. ,,Þetta leiðir til þess að þú ert í raun mjög bundinn. Notendur þurfa alltaf að ákveða með góðum fyrirvara hvað þeir ætla að gera. Þú getur t.d. ekki ákveðið að fara allt í einu í bíó eða skroppið í heimahús og fengið svo þjónustu þegar þú kemur aftur heim. Það þarf alla vega að láta vita af því daginn áður. Kerfið þarf að vera sveigjanlegra og gera ráð fyrir að það hafa ekki allir sömu þarfir. Margir þurfa að vakna fyrr og fara seinna að sofa en kerfið gerir ráð fyrir. Ef þetta er miðað út frá lífi einstaklings sem vill lifa frjálsu lífi og þarf á svona aðstoð að

„Ef ég þarf kvöldþjónustu í háttinn þarf ég að fara snemma að hátta, vegna þess að ef ég nýti ekki kvöldþjónustuna kemst ég hugsanlega ekki í rúmið fyrr en eftir kl. eitt eða seinna eftir aðstæðum næturvaktar.“

halda, þá þyrfti hann að móta sitt líf í kringum vaktakerfi heimahjúkrunar, sem er í raun fáránlegt. Þarfir fólks hafa breyst svo mikið og taka þarf tillit til þess. Hreyfihamlað fólk var miklu einangraðra hér áður fyrr, bjó lengur í foreldrahúsum eða inni á stofnunum. Nú eru aðrir tímar og kerfið þarf að laga sig að breyttum lífsháttum hreyfihamlaðs fólks. Margt af þessu unga fólki er í vinnu eða í skóla og það er ekki tilbúið að fara alltaf að sofa fyrir kl. 22 á kvöldin. Vaktakerfið er njörvað og stofnanalegt og þyrfti nauðsynlega að endurskoða. Taka þarf mið af hreyfihömluðu fólki sem er „aktívt“ og lifir fjölskyldu- og félagslífi, ekki síður en annarra.“

**Bað einu sinni í viku**

Annað sem Gunnar segir þurfa að skoða hvað núverandi kerfi varðar er böðun. ,, Í dag stendur skjólstæðingum yfirleitt aðeins til boða að fara í bað einu sinni í viku, sem flestum þætti of lítið. Þeir sem vilja fara í bað oftar þurfa að reiða sig á hjálp aðstandenda, en það eru ekki allir sem eiga möguleika á slíku.“

Gunnar segist vilja taka það skýrt fram að starfsfólk heimahjúkrunar sé að öllu jöfnu allt af vilja gert til að koma til móts við fólk ef svo ber undir. ,,Ég hef ekkert nema gott um starfsfólkið að segja en það er skipulag kerfisins sem þarf vissulega að laga.“

**Að rukka fyrir ruslið**

Gunnar fær líka heimilishjálp, eða félagslega heimaþjónustu, eins og hún kallast. Hún er á vegum sveitarfélaga og greiða þarf sérstaklega fyrir hana. Gunnar segist setja spurningamerki við það, vegna þess að um sé að ræða þjónustu sem margir hreyfihamlaðir geti ekki verið án. ,,Ég fæ heimilishjálp einu sinni í viku. Um er að ræða þrif, tiltekt, þvotta og annað sem til fellur. Því oftar sem maður fær heimilishjálp því meira þarf að borga, það er ef þú aflar tekna utan Tryggingastofnunar. Þessi gjaldtaka er að vissu leyti skattur á hreyfihamlaða, að rukka þá fyrir ákveðna grunnþjónustu eins og að fara út með ruslið o.fl. Þeir sem eru úti á vinnumarkaði borga fyrir heimilishjálpina, en þeir sem eru aftur á móti heima og eru á bótum frá Tryggingastofnun fá hana frítt. Svona er kerfið, þrátt fyrir að sá sem er útivinnandi sé e.t.v. meira fatlaður og þarf meiri hjálp en sá sem vinnur ekki. Þetta er letjandi fyrir fólk, vegna þess að það er verið að refsa því fyrir að vinna. Fyrst um er að ræða grunnþjónustu sem hreyfihamlaðir eiga rétt á, þá er ósanngjarnt að ekki skuli allir sitja við sama borð.“



*Miklar mannabreytingar eru hjá heimilishjálpinni. Það kemur sér illa fyrir fólk, það vill skiljanlega ekki stöðugt vera að fá nýtt fólk inn á heimili sitt. Mynd/Tina.*

> „Ef notendur enda með að borga brúsann þá er hreyfihamlað fólk í raun að borga fyrir að komast á fætur á morgnana eða að fara á klósettið að pissa.“

Að sögn Gunnars eru miklar mannabreytingar hjá heimilishjálpinni. ,,Það kemur sér illa fyrir fólk, það vill skiljanlega ekki stöðugt vera að fá nýtt fólk inn á heimili sitt.“

**Sparað á kostnað notenda?**

Gunnar segir samþættingu á heimaþjónustu í Reykjavík vera jákvæða út af fyrir sig. ,,Það er auðvitað jákvætt að reynt sé að láta þessi tvö kerfi, heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu, starfa betur saman. Hins vegar þarf að passa að þetta sé ekki eingöngu gert til að spara og að gæðin verði látin gjalda fyrir það, sparað og þá á kostnað notenda. Samþættingin hefur í för með sér að heimilishjálpin tekur yfir verkefni sem heimahjúkrunin sinnti áður. Um er að ræða verkþætti eins og t.d. að aðstoða fólk við að fara á fætur. Það er gott út af fyrir sig vegna þess að hreyfihamlað fólk þarf ekki endilega hjúkrunarfólk til að aðstoða sig við að komast á fætur á morgnana. Heimahjúkrun er frí en greiða þarf fyrir heimilishjálpina. Þetta nýja fyrirkomulag vekur upp spurningar hvort heimilishjálpin sé að taka að sér aukin verkefni án þess að fá greitt fyrir það. Ef sveitarfélagið tekur ekki þann kostnað á sig, eiga þá notendur að borga brúsann? Í raun hafa ekki fengist skýr svör við þessu. Svo virðist sem dæmið hafi ekki verið hugsað til enda. Ef notendur enda með að borga brúsann þá er hreyfihamlað fólk í raun að borga fyrir að komast á fætur á morgnana eða að fara á klósettið að pissa. Þá gæti einnig komið upp sú undarlega staða að einstaklingur sem þarf að pissa klukkan hálf fjögur á daginn haldi í sér til klukkan fjögur, þegar síðdegisvakt félagsþjónustunnar tekur við, svo að hann þurfi ekki að borga fyrir þjónustuna. Gjaldskyldan er nefnilega bara á tímabilinu 8 - 16. Það sér hver maður að þetta gengur ekki upp. Vonandi taka þeir sem standa að samþættingunni alla þessa þætti til skoðunar og gera kerfið þannig úr garði að það taki mið af mismunandi þörfum fólks og geri því kleift að halda mannlegri reisn.“

*-kmh.*

# „Leita þarf nýrra úrræða fyrir fatlaða“

- segir Þórunn Ólafsdóttir, hjúkrunarforstjóri heilsugæslunnar í Reykjavík.

Fatlaðir einstaklingar sem nýta sér heimaþjónustuna hafa gagnrýnt kerfið fyrir að vera of stofnanalegt, þeir vilja betri og sveigjanlegri þjónustu sem miðast meira að þörfum þeirra. Blaðamaður Klifurs hafði samband við Þórunni Ólafsdóttur, hjúkrunarforstjóra heilsugæslunnar í Reykjavík, til að leita svara við þessari gagnrýni og hverju samþættingin komi til með að skila fötluðum.



Þórunn Ólafsdóttir, hjúkrunarforstjóri heilsugæslunnar í Reykjavík.

„Verið er að halda uppi sérhæfðu og mjög kostnaðarsömu úrræði þar sem ekki er endilega þörf á því og ég tel það skyldu okkar að reyna að finna þessu nýjan farveg.“

,,Meginmarkmiðið með samþættingunni er fyrst og fremst að bæta úrræði fyrir aldraða í heilbrigðiskerfinu, þá sem eru 67 ára og eldri,“ segir Þórunn. „Við sem vinnum að samþættingarferlinu höfum aftur á móti farið í saumana á því hvernig einnig er hægt að bæta þjónustuna við aðra skjólstæðinga, eins og t.d. fatlaðra. Við höfum séð að víða er pottur brotinn varðandi þessi þjónustuform og að jafnvægið á milli heimahjúkrunar, félagsþjónustunnar og svæðisskrifstofu fatlaðra er kannski ekki eins og það ætti að vera. Það hefur ekki verið nægilega skilgreint hvað er hvers kerfis að sjá um. Margir sem búa t.d. í sjálfstæðri búsetu þurfa fyrst og fremst á því að halda að einhver sinni þeim dag frá degi með grunnþjónustu eins og að fara á fætur, klæða sig o.fl. Það þarf ekki alltaf sértæk úrræði eins og heimahjúkrun til að sinna slíkri þjónustu.“

*-Ertu þá að segja að t.d. svæðisskrifstofa fatlaðra eigi að taka að sér að sjá um fatlaða en heimahjúkrun meira um þá sem eru 67 ára og eldri?*

„Ekki alveg. Ég tel að heimahjúkrun eigi að sinna þeim tilfellum þar sem þörf er á sérhæfðu starfsfólki. Það er t.d. nauðsynlegt að heimahjúkrun sé inni í myndinni þegar um er að ræða mjög fatlaða einstaklinga, til að fylgjast með heilsufarslegu ástandi, en heimhjúkrunin þarf ekki að vera sá aðili sem sem sér um daglega þjónustu eins og að klæða viðkomand eða gefa honum mat og annað. Þar geta liðveislan og félagsþjónustan verið virkari.“

*-Hvað viltu segja um þá gagnrýni fatlaðra að núverandi kerfi sé stofananvætt og ekki nógu sveigjanlegt?*

,,70% þeirra sem heimahjúkrun sinnir eru aldraðir, sem þýðir að við erum með um 50 fatlaða einstaklinga af eitt þúsund skjólstæðingum. Heimahjúkrun er sólarhringsþjónusta sem er fyrirfram ákveðin og því frekar niðurnjörvuð. Ef fólk ákveður t.d. að fara út að skemmta sér eða að fara í heimsókn út í bæ, þá getur verið mjög erfitt fyrir okkur að sinna því. Þetta er ekki bráðaþjónusta sem hægt er að óska eftir á öðrum tímum en venjan er. Ég held að heimahjúkrun komi aldrei til með að hafa þann sveigjanleika sem fatlaðir óska eftir og þess vegna tel ég að önnur úrræði þurfi að koma til fyrir þennan hóp, þ.e. þegar um er að ræða að aðstoða fólk við að komast í háttinn og slíkt. Í þeim tilfellum er heimahjúkrun hreinlega ekki rétta þjónustukerfið. Kerfið hefur farið ákveðna villu vegar í þessu máli, verið er að halda úti allt of dýrri þjónustu. Um er að ræða þjónustu sem svæðisskrifstofan getur sinnt ef um er að ræða liðveislu. Félagsþjónustan gæti líka sinnt þessu ef hún byði upp á viðameiri kvöldþjónustu. Við hjá heimahjúkrun höfum t.d. rætt við Öryrkjabandalagið og Sjálfsbjörg í þessu sambandi. Þeir segja að um sé að ræða þjónustu sem fatlaðir eigi að fá frá ríkinu, þeir eigi ekki að halda uppi slíkri þjónustu. Það er skiljanlegt, en hins vegar þarf að finna lausn á málinu. Kerfið sem heimahjúkrun er að vinna eftir hentar ekki þessum einstaklingum. Við erum yfirleitt að sinna fólki sem á við heilsufarsleg vandamál og veikindi að stríða. Fatlaðir einstaklingar flokkast hins vegar ekki undir þá skilgreiningu þó svo að þeir búi við fötlun. Þeir

þurfa þjónustu sem snýr að því að gera þeim fært að lifa eðlilegu lífi með eins lítilli röskun og hægt er.“

*- Er semsagt verið að reyna að fara nýjar leiðir í þessu máli hvað fatlaða varðar?*

„Já, það er verið að leita að farsælli lausn á málinu innan þessara þriggja kerfa, þ.e. heimahjúkrunar, félagslegrar þjónustu og svæðisskrifstofu fatlaðra. Eins og staðan er hjá heimhjúkrun í dag þá er sú þjónusta sem snýr að fötluðum, þ.e. þeim litla hópi sem við erum að sinna, að taka 1/4 af heildarkostnaði í heimahjúkrun. Verið er að halda uppi sérhæfðu og mjög kostnaðarsömu úrræði þar sem ekki er endilega þörf á því og ég tel það skyldu okkar að reyna að finna þessu nýjan farveg.“

*- En hvað með kostnaðinn, munu fatlaðir framvegis þurfa að greiða meira fyrir þessa þjónustu?*

„Við viljum auðvitað sjá að þetta hafi ekki aukinn kostnað í för með sér fyrir fatlaða. Þetta getur virkað þannig að heimahjúkrun sé að ýta frá sér verkefnum yfir á hin kerfin, að þau lendi í auknum kostnaði. Hins vegar verður líka að skilgreina hlutverk ríkisins og hlutverk borgarinnar í þjónustu við viðkomandi einstaklinga og hvað sé eðlilegt að heimahjúkrun sinni. Fatlaðir eru ekki veikir, nema ef þeir veikjast af einhverjum sjúkdómi og hlutverk heimahjúkrunar er fyrst og fremst að sinna sjúku fólki.“

*-kmh.*

actavis
hagur í heilsu

Almenna
verkfræðistofan

## Halaleikhópurinn sýnir **Kirsuberjagarðinn**



*Mynd/Ása Hildur.*

# „Margir leikaranna á mjög háu plani“

- segir Guðjón Sigvaldason, leikstjóri.

Halaleikhópurinn hóf sýningar á Kirsuberjagarðinum eftir Anton Tsjekov í byrjun mars síðastliðinn. Sýningin hefur fengið góða dóma og þykja margir leikaranna standa sig með miklum sóma. Guðjón Sigvaldason leikstýrir verkinu, en þetta er í annað sinn sem hann leikstýrir Halaleikhópnum. Fyrra verkið var Fílamaðurinn sem sýnt var í fyrra við góðar undirtektir.

„Þetta hefur gengið mjög vel og við erum ánægð með viðtökurnar,“ segir Guðjón. „Það er ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Kirsjubergarðurinn er eitt af þessum klassísku verkum. Verk Tsjekovs eru enn þann dag í dag leikin reglulega um allan heim, þannig að það má að vissu leyti líkja honum við Shakespeare. Alls taka 16 leikarar þátt í verkinu og um tuttugu manns koma að sýningunni, þannig að þetta er stórt verk og mikið að umfangi. Við hófum æfingar í byrjun janúar og það hefur farið mikill tími í þetta hjá öllum.“

Kirsuberjagarðurinn fjallar um fjölskyldu sem er að missa ættaróðalið vegna skulda. Óðalsfrúin heldur sínu striki og lifir hátt, eyðir í ferðalög og alls kyns óþarfa. Krisuberjatrén eru orðin gömul og berin þroskast seint og illa, sem kemur kannski ekki að sök, því enginn kaupir þau. Allt húsið er í niðurníðslu, því engir peningar eru til að halda því við. Aðalhlutverkin eru í höndum Sóleyjar Bjarkar Axelsdótt-

ur, Arnar Sigurðssonar og Árna Salomonssonar.

### Skemmtilegt að hafa blandaðan leikhóp

Aðspurður um frammistöðu Halaleikhópsins, segir Guðjón um að ræða virkilega góðan og hæfileikaríkan hóp. ,,Margir leikaranna eru á mjög háu plani um þessar mundir, ég get ekki sagt annað. Þeir hafa starfað með Halaleikhópnum í langan tíma og eru mjög fagmannlegir. Þá eru nokkrir leikarar að stíga sín fyrstu spor á sviði í þessu verki og tíminn verður að leiða í ljós hvað verður um þá, þeir eru alla vega hæfileikaríkir og standa sig vel.“ Guðjón segist hrifinn af því að fatlaðir og ófatlaðir leiki saman. ,,Það er öðruvísi og virkilega skemmtilegt að hafa svona blandaðan leikhóp. Almenningur vanmetur því miður oft getu fatlaðra. Ég sjálfur lít margt öðrum augum eftir að hafa unnið með fötluðum. Á vissan hátt er öðruvísi að leikstýra fötluðum. Maður verður að sjálfsögðu að taka tillit til fötlunar hvers einstaklings. Það er ekki hægt að láta mann í hjólastól sparka í veggi og fleira í þeim dúr. En við reynum aftur á móti að vinna fötlunina inn í verkið til að koma með nýjan flöt á það. Manneskja í hjólastól hreyfir sig um svæði alveg eins og aðrir gera. Mér finnst oft vilja brenna við í leikhúsi að þegar verið er að leika manneskju í hjólastól þá er hún keyrð inn á svið og er bara kyrr þar, eins og hún hafi enga hreyfigetu. Fólk gerir sér ekki grein fyrir því að manneskja sem er kannski búin að vera í hjólastól alla ævi getur gert ýmsa hluti.“

Miðasala er í síma 552-9188 og asahildur@internet.is

*-kmh.*

## Halaleikhópurinn

Halaleikhópurinn, sem stofnaður var árið 1992, er áhugamannaleikhús með það að markmiði að iðka leiklist fyrir alla. Hópurinn samanstendur af fötluðu og ófötluðu fólki og þar er fengist við leiklist á forsendum hvers og eins. Óhætt er að segja að hópurinn hafi opnað augu margra fyrir því að fatlað fólk getur einnig leikið á sviði eins og aðrir, þrátt fyrir ýmsar hindranir.

Halaleikhúsið er staðsett í Hátúni 12 í Reykjavík.

## Þökkum eftirtöldum fyrirtækjum veittan stuðning

**Reykjavík**

2001 ehf
Hverfisgötu 49
Aðalblikk ehf
Vagnhöfða 19
Aðalvík ehf
Seiðakvísl 15
Alþjóða líftryggingafélag
Sóltúni 26
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
Stuðlahálsi 2
Álnabær hf, vefnaðarvöruverslun
Tjarnargötu 17 Kefl
og Síðumúla 32 Rvík
Áltak ehf
Stórhöfða 33
Andrés, fataverslun
Skólavörðustíg 22a
Antik-bólstrun
Langholtsvegi 128
Árbæjarbakarí ehf
Hraunbæ 119
Arctic rafting
Andrésbrunni 13
Arkitektastofa Finns og Hilmars sf
Bergstaðastræti 10
Arkitektastofan ehf
Sóltúni 2, 2h
Avis - Bílaleiga
Knarrarvogi 2
B & B Lögmenn ehf
Lágmúla 7
B.K.flutningar ehf
Krosshömrum 2
Bako ehf
Lynghálsi 7
Bananar ehf
Elliðavogi 103
Bændasamtök Íslands
Bændahöllinni Hagatorgi
Bátar og búnaður ehf
Barónsstíg 5
Bending ehf
Bæjarflöt 8f
Betri bílar hf, bílaverkstæði
Skeifunni 5c
BGI málarar ehf
Brekkubæ 17
Bifreiðabyggingar sf
Ármúla 34
Bílahornið Stilling ehf
Kletthálsi 5
Bílaleigan AKA
Vagnhöfða 25
Bílaleigan Hertz
Reykjavíkurflugvelli
Bílamálun Halldórs Þ Nikulássonar
Funahöfða 3
Bílastillingar Björns Steffensen
Hamarshöfða 6
Bílastjarnan
Bæjarflöt 10
Blaðamannafélag Íslands
Síðumúla 23
Bónus
Skútuvogi 13
Borgarholtsskóli
Mosvegi
Borgarþrif Hreingerningar
Laugavegi 41a
BP bifreiðasalan ehf
Stórhöfða 24
Brauðhúsið ehf
Efstalandi 26
Breiðholtsskóli
Arnarbakka 1-3
BSRB
Grettisgötu 89
Byggingafélagið B3 ehf
Tangarhöfða 3
Dagvist barna
Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
DHL Á ÍSLANDI
Skútuvogi 1e
Dreifing ehf
Vatnagörðum 8
DS lausnir ehf
Miðtúni 52
Dún- og fiður ehf
Laugavegi 87
Dún- og fiðurhreinsunin
Vatnsstíg 3
Dýraverndunarsamband Íslands
Fjölnisvegi 16
E.T. ehf
Klettagörðum 11
Effect hársnyrtistofa
Bergstaðastræti 10a
Efling stéttarfélag
Sætúni 1
Efnalaug Árbæjar ehf
Hraunbæ 102
Eignamiðlunin ehf
Síðumúla 21
Eldaskálinn, innréttingaverslun
Brautarholti 3
Endurskoðendaþjónustan ehf
Skipholti 50d
Endurskoðunarskrifstofa
Laugavegi 178
Endurvinnslan hf
Knarrarvogi 4
Epal hf
Skeifunni 6
Fagmálun -Litaval sf
Njálsgötu 2
Fagtún ehf
Brautarholti 8
Færeyska sjómannaheimilið
Brautarholti 29
Fasteignafélagið Domus ehf
Hverfisgötu 45
Fasteignasalan Garður ehf
Skipholti 5
Faxaflóahafnir sf
Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17

Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni:

# Fréttir af starfinu

Á þeim nær 47 árum sem félagið hefur starfað á Akureyri hefur starfsemi þess verið umfangsmikil og skapað stórum hópi fatlaðra mikilvæga uppörvun og lífsgrundvöll í formi starfa og afþreyingar. Mikil þáttaskil urðu í starfi félagsins þegar Bjarg, sem var verndaður vinnustaður fyrir fatlaða, var lagður niður og nú hafa orðið þær breytingar að einkahlutafélagið Líkamsræktin Bjarg hefur keypt íþróttahúsið af félaginu og breytt því og endurgert sem einhverja glæsilegustu líkamsræktarstöð landsins. Sjálfsbjörg rekur áfram sjúkraþjálfunina með 12 starfandi sjúkraþjálfurum og að auki með einum iðjuþjálfa, en sú staða var samþykkt af Tryggingastofnun á s.l. hausti. Félagið hefur líka gert samning við líkamsræktarstöðina að þeir skjólstæðingar okkar sem þurfa á þjálfun að halda fá hana þar. Því miður er ekki enn komin fyrirhuguð lyfta í tækjasalinn sem er á annarri hæð. Er það bæði bagalegt og afleitt til afspurnar. Unnið er að lausn þeirra mála.

**Spilakvöld, ferðir o.fl.**

Helstu þættir í félagstarfinu eru nú sem fyrr spilakvöld hálfsmánaðarlega í okkar ágæta félagssal, en um 60-100 manns sækja þessi kvöld. Laugardaginn 28. ágúst 2004 fórum við í okkar árlegu haustferð og nú í Herðubreiðarlindir og Öskju. Annað árið í röð tók Sjálfsbjörg á Húsavík þátt í ferðinni og slógust félagar okkar á Húsavík í förina í Mývatnssveit. Var þetta bæði glaðreifur og söngvís hópur að venju. Þátttakendur nesta sig sjálfir og var tekið til við nestiskostinn í Þorsteinsskála í Herðubreiðarlindum. Fjörutíu og fimm manns tóku þátt í ferðinni.





*Myndir frá félagsstarfinu fyrir norðan.*

„Á næstunni verður tekin ákvörðun um hvert haldið verður í árlega leikhúsferð félagsins. Á þessum tíma eru yfirleitt mörg tækifæri í boði þar sem mikil gróska er í leikstarfsemi á Norðurlandi."

Alltaf sækir þó sú spurning á okkur forsvarsmenn, hvort rétt sé að bjóða upp á ferð sem ekki er öllum aðgengileg. Það er alvarlegt að hafa hvorki þau ökutæki né fjármuni sem láta þá ósk rætast. Norðankalsi var þennan dag og rómaðri fjallasýn ekki fyrir að fara. Vegna þessara veðurskilyrða urðum við að sleppa viðkomu í Öskju og Hvannalindir en komum við í Drekagili. En allir komu til baka með gleðibros á vör, þrátt fyrir verulega þreytu. Félagið hefur um árabil staðið fyrir vinsælu jólaföndri og gerði það í lok nóvember s.l.

Þriðja desember stóðum við fyrir ljósahátíð á Ráðhústorgi ásamt Þroskahjálp á Norðurlandi-eystra. Þetta var táknræn og hátíðleg stund og fór þannig fram, að fyrst raðaði hver þátttakandi logandi útikertum í tvo geisla út frá jólatréi bæjarins, sem þarna tróndi. Undirritaður flutti svo innan geislans stutta hugvekju og leiddi söng. Að lokum var borið fram heitt kakó og piparkökur. Árleg jólatrésskemmtun félagsins var haldin á Bjargi 31. des. s.l. og var þar fjölmenni. Hátíðin er opin öllum velunnurum og vinum félagsins, ásamt starfsfólki þess. Á næstunni verður tekin ákvörðun um hvert haldið verður í árlega leikhúsferð félagsins. Á þessum tíma eru yfirleitt mörg tækifæri í boði þar sem mikil gróska er í leikstarfsemi á Norðurlandi. Ég vil svo að lokum hvetja Sjálfsbjargarfélög vítt um land að senda Klifri pistla um hvaðeina sem félögin aðhafast.

*Jón Hlöðver Áskelsson, ritari Sjálfsbjargar á Akureyri og nágrenni.*

ASÍ
BM·VALLÁ
Félagsmálaráðuneytið

Háskóli Íslands:

# Vefsetur í fötlunarfræðum

Nýtt vefsetur í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands var opnað í byrjun mars s.l. Vefsetrið, sem er hið fyrsta sinnar tegundar hér á landi, er miðstöð þekkingar og upplýsinga í fötlunarfræðum og fróðleiksbrunnur um málefni fatlaðra. Því er ætlað að þjóna fötluðu fólki og þeim sem tengjast málefnum þess í leik og starfi, en mikið er kallað eftir aðgengilegu efni á þessu sviði hér á landi.

Vefsetrið, http://www.fotlunarfraedi.hi.is, er starfrækt í tengslum við framhaldsnám í fötlunarfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Fötlunarfræði er nýtt fræðisvið sem vaxið hefur hratt á undanförnum árum. Vefsetur í fötlunarfræðum er m.a. ætlað að bæta úr brýnni þörf fyrir aðgengilegt efni um málefni fatlaðs fólks. Vefsetrið er liður í að gera þetta nýja fræðisvið sýnilegt og stuðla að uppbyggingu þess hér á landi.

BÓNUS
Merrild
gsk GlaxoSmithKline
HEILSUGÆSLAN

## Þökkum eftirtöldum fyrirtækjum veittan stuðning

**Reykjavík**

Félag íslenskra náttúrufræðinga
Lágmúla 7, 3 hæð
Félagsbústaðir hf
Hallveigarstíg 1
Feró ehf
Steinaseli 6
Fiskbúð Einars
Háteigsvegi 2
Fjárfestingafélagið Gaumur ehf
Suðurlandsbraut 48
Fjarhitun hf
Suðurlandsbraut 4
Fjármálaeftirlitið
Suðurlandsbraut 32
Flugskóli Íslands hf
Reykjavíkurflugvelli
Fönix ehf, heimilistækjaverslun
Hátúni 6a
Fold-fasteignasala ehf
Laugavegi 170
Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjartorg
Framsóknarflokkurinn
Hverfisgötu 33
Fröken Júlía ehf
Mjódd
Fullorðinsfræðsla fatlaðra
Borgartúni 22
Fulltingi ehf
Suðurlandsbraut 18
Furðufuglar og Fylgifiskar
Bleikargróf 15
G Hannesson Company ehf
Borgartúni 23
G.S. varahlutir
Bíldshöfða 14
GÁB ehf
Faxafeni 11
Gæðafæði ehf
Bíldshöfða 14
Gallabuxnabúðin Kringlunni
Kringlunni 4-12
Gallery Sautján
Gámaþjónustan hf
Súðarvogi 2
GB Tjónaviðgerðir ehf
Draghálsi 8
Geislatækni ehf Laser-þjónustan
Krókhálsi 5b
Gistiheimilið Jörð
Skólavörðustíg 13a
Gítarskóli Ólafs Gauks
Síðumúla 17
Gjögur ehf, Grenivík
Kringlunni 7
Gleraugnasalan ehf
Laugavegi 65
Glófaxi hf
Ármúli 42
Gluggahreinsun Loga
Funafold 4
Grand Hótel Reykjavík hf
Sigtúni 38
Grænn kostur
Skólavörðustíg 8
Grásteinn ehf
Neshaga 5
Gripið og greitt ehf
Skútuvogi 4
Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili
Hringbraut 50
Guðjón Bjarnfreðsson,
garðyrkjumaður
Hlíðarhúsum 3-5
Guðmundur Jónasson ehf
Borgartúni 34
Gullnáman
Tjarnargötu 4
Gústaf Þór Tryggvason
Tjarnargötu 10d
Hafgæði sf
Fiskislóð 47
Hagaskóli
Fornhaga 1
Hans Petersen hf
Skeljanesi 1
Harald og Sigurður ehf
Stangarhyl 6
Hárgreiðslustofa Höllu Magnúsdóttur
Miðleiti 7
Hárgreiðslustofan Stubbalubbar
Barðastöðum 1-3
Háskólafjölritun ehf
Fálkagötu 2
HB Grandi hf
Norðurgarði 1
Heimilisprýði ehf
Hallarmúla 1
Hersir-ráðgjöf og þjónusta ehf
Suðurlandsbraut 12
HGK ehf
Laugavegi 13
Hitastýring hf, raftækjavinnustofa
Þverholti 15a
Hnotskógur ehf
Skúlagötu 21
Höfðakaffi ehf
Vagnhöfða 11
Höfði fasteignamiðlun ehf, Suðurlandsbraut 20
og Bæjarhrauni 22
Hópferðaþjónusta Reykjavíkur
Brúnastöðum 3
Hraði hf, fatahreinsun
Ægissíðu 115
Hreinsitækni ehf
Stórhöfða 35
Hreyfimyndasmiðjan ehf
Garðsenda 21
Hringsjá, starfsþjálfun fatlaðra
Hátúni 10b
Hugmót ehf
Skipholti 29
Hurða- og gluggasmiðjan ehf
Stórhöfða 18
Húsafriðunarnefnd ríkisins
Suðurgötu 39
Húsaklæðning ehf
Ingólfsstræti 3
Húsun ehf
Hamarshöfða 6
IMG þekkingarsköpun hf
Laugavegi 170
innheimtustofa Reykjavíkur
Vegmúla 2
Innheimtustofnun sveitarfélaga
Lágmúla 9
Internet á Íslandi Isnic
Dunhaga 5
Intrum á Íslandi ehf
Laugavegi 97
Ís-spor ehf
Síðumúla 17
Ís-Vest ehf
Skólavörðustíg 17a

# „Ég er til í slaginn“

-segir Kjartan J. Hauksson, sem ætlar að róa kringum landið til að vekja athygli á Hjálparliðasjóði Sjálfsbjargar.



Kjartan J. Hauksson ætlar að ljúka hringferð sinni í kringum landið. Áætlað er að hann fari af stað 5. júní næstkomandi, á sjálfan Sjómannadaginn, ef veður leyfir. Eins og kunnugt er lagði Kjartan af stað sumarið 2003 en þurfti að hætta eftir þriggja vikna siglingu þegar bát hans hvolfdi við Látur á Hornströndum og gjöreyðilagðist.

„Ég hef verið að undirbúa mig í allan vetur og er mjög vel upplagður. Ég hef iðað í skinninu alveg frá því að ég brotlenti síðast að klára þetta. Ég er mun betur í stakk búinn, líkamlega sem og andlega, og einnig hvað varðar bátinn sjálfan. Ég var í góðum málum síðast en er samt í miklu betra formi núna. Ég æfi tvisvar á dag alla daga vikunnar, að meðaltali um þrjá tíma á dag,“ segir Kjartan aðspurður um undirbúninginn.

Tilgangur ferðarinnar er að vekja athygli á Hjálparliðasjóði Sjálfsbjargar, en fjárhagsstaða hans er fremur slæm.

Kjartan hefur starfað sem atvinnukafari frá 1976 og rekur í dag köfunarþjónustu. Hann starfaði lengi sem björgunarsveitarmaður og var sjálfboðaliði í Hjálparsveit skáta í um tuttugu ár. Kjartan hefur lengi átt sér þann draum að róa í kringum landið. Hann vildi jafnframt láta gott af sér leiða. Hann ákvað því að hafa samband við Sjálfsbjörg og vekja athygli á málstað samtakanna um leið.

### Starfaði sem hjálparliði

Kjartan hefur sjálfur starfað sem hjálparliði hjá Sjálfsbjörg og segist hafa lært margt af því. „Ég fór til Svíþjóðar í júní í fyrra með 14 ungmennum frá Sjálfsbjörg. Markmið ferðarinnar var að víkka sjóndeildarhring þeirra og hvetja þau til þess að vera óhrædd að takast á við hið óþekkta í framtíðinni. Ég aðstoðaði tvö ungmenni og það gekk mjög vel. Ég er mun meðvitaðri um málefni hreyfihamlaðra en áður og spái t.d. oft í aðgengismál.“

Að sögn Kjartans verður meira gert úr ferðinni í ár en sumarið 2003. „Þá fékk ferðin góða umfjöllun í fjölmiðlum en vonandi verður hún enn meiri að þessu sinni. Ákveðið var að gefa út kynningarbækling vegna ferðarinnar í ár þar sem ferðatilhögunin verður betur kynnt sem og tilgangur ferðarinnar. Unga fólkið í Sjálfsbjörg kemur einnig til með að taka meiri þátt í þessu. Þau ætla að vera með dagskrá í kringum ferð-

„Unga fólkið í Sjálfsbjörg kemur einnig til með að taka meiri þátt í þessu. Þau ætla að vera með dagskrá í kringum ferðina og fylgja mér úr hlaði frá Bolungarvík.“

ina og fylgja mér úr hlaði frá Bolungarvík. Síðan er ætlunin að þau taki á móti mér á nokkrum stöðum, m.a. á Skagaströnd, Siglufirði, Höfn í Hornafirði og víðar. Það verður sem sagt heilmikil dagskrá í kringum þetta, sem mun vonandi skila sér í góðri kynningu fyrir Sjálfsbjörg.“

Þess má geta að Kjartan ætlar ekki að láta staðar numið eftir róðurinn í kringum landið því hann er einnig að undirbúa sig undir róðrakeppni erlendis. „Ég er með ýmislegt í sigtinu og ætla m.a. að keppa á heimsmeistaramóti í Skotlandi og Englandi. Siglingin í kringum landið er því einnig liður í þeim undirbúningi.“

Kjartan hefur látið smíða fyrir sig nýjan bát, sem kemur til landsins í lok apríl. Hann er smíðaður í Frakklandi og er betri og hraðskreiðari en sá fyrri. „Ég vona að veðrið verði gott á sjómannadaginn og stefni síðan að því að klára þetta fljótt og vel. Ég áætla að taka um einn og hálfan mánuð í þetta, en það fer að sjálfsögðu allt eftir veðrinu hvernig til tekst. Ég bara bíð og er til í slaginn,“ segir Kjartan að lokum, fullur tilhlökkunar.

*-kmh.*

## Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar

Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar var stofnaður árið 1997 og er markmið hans að auðvelda hreyfihömluðum að ferðast. Mikill kostnaður fylgir ferðalögum hreyfihamlaðra. Þeir þurfa að greiða tvöfaldan ferðakostnað, þ.e. fyrir sig og aðstoðarmann, auk uppihalds.

Þeir sem vilja leggja Hjálparliðasjóði Sjálfsbjargar lið geta lagt inn á reikning sjóðsins í Sparisjóði vélstjóra nr. 1175-05-409054, kt. 570269-2169.



Ráðstefna á Selfossi um bætt aðgengi:

# Aðgengi fyrir alla

## - ekki bara fólk í hjólastól.

Sjálfsbjörg á Suðurlandi og Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Selfossi blés til ráðstefnu á Selfossi fimmtudaginn 24. febrúar s.l. um bætt aðgengi á Suðurlandi. Ráðstefnan var öllum opin en sveitarstjórnarmenn, fulltrúar í skipulags- og bygginganefndum, hönnuðir og verkfræðingar voru sérstaklega hvattir til að mæta.

Reglugerðir og ákvæði um aðgengi fatlaðra eru nú í skoðun hjá sjö ráðuneytum og því full ástæða til að reifa málin og ræða frá öllum hliðum.

Frummælendur voru þeir Þór Þórarinsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Magnús Sædal Svavarsson, byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar. Á fundinn mættu byggingafulltrúar allra sveitarfélaganna á Suðurlandi að undanskyldum einum sem boðaði forföll á síðustu stundu. Allir gerðu þeir grein fyrir ástandi aðgengismála í sinni heimabyggð og töldu tímabært að ,,fara að taka til í sínum ranni" eins og einn þeirra orðaði það.

### Ferlimálafulltrúi í Hveragerði

Hveragerði er eina bæjarfélagið á Suðurlandi þar sem ferlimálafulltrúi starfar í skipulags- og bygginganefnd. Í stuttu spjalli við undirritaða sagði Guðmundur Baldursson, bæjartæknifræðingur í Hveragerði, að á síðasta kjörtímabili hefði ferlimálanefnd starfað á vegum bæjarins. Hún hefði m.a. haft frumkvæði að því, að gerð var úttekt á aðgengi hjá öllum stofnunum bæjarins. Síðan gerði nefndin tillögur til úrbóta.



*Guðmundur Baldurson bæjartæknifræðingur í Hveragerði ásamt frummælendum þeim Þór Þórarinssyni og Magnúsi Sædal Svavarssyni. Mynd Ragnheiður Hergeirsdóttir.*

Á yfirstandandi kjörtímabili var nefndarskipan bæjarins breytt, sumar nefndir lagðar niður og aðrar sameinaðar. Skipulags- bygginga- og brunamálanefnd gengu þá í eina sæng, og var þá óskað eftir því að Sjálfsbjörg á Suðurlandi tilnefndi fulltrúa í þessa nefnd, sem skyldi fylgjast sérstaklega með ferlimálum. Félagið tilnefndi Ármann Ægi Magnússon, sem sinn fulltrúa, en hann hafði áður verið formaður ferlinefndar og sinnt því starfi af áhuga og alúð.

### Það má ekki muna millimetra

Guðmundur sagði að reynslan væri mjög góð af þessu nýja skipulagi. Nú situr ferlimálafulltrúinn undirbúningsfundi auk nefndarfundanna og fylgist grannt með gangi mála allt frá upphafi. Hann getur því komið sínum athugasemdum strax að. Sagði Guðmundur það mikinn styrk að hafa slíkt verklag. Öll vinna væri mun skilvirkari og gengi hraðar fyrir sig. Oft væri fjármunum sóað með því að gera hlutina ekki rétt strax í upphafi.

Aðsókn að ferlimálaráðstefnunni fór fram úr björtustu vonum fundarboðenda. Ragnheiður Hergeirsdóttir, forstöðumaður Svæðisskrifstofunnar, sagði við lok ráðstefnunnar, að hún vonaðist til að þessi góða þátttaka væri upphaf að nýjum og betri tímum í aðgengismálum. Aðgengi fyrir alla er nefnilega mál okkar allra.

*Pálína Snorradóttir.*

**Þökkum eftirtöldum fyrirtækjum veittan stuðning**

**Reykjavík**

Íslandsbanki hf
Stórhöfða 17
Íslandsbanki hf
Háaleitisbraut 58
Íslenska auglýsingastofan
Laufásvegi 49-51
Íslenskar getraunir
Engjavegi 6
Ísól ehf
Ármúla 17
Íspólar ehf
Grandagarði 14
ISS Ísland ehf
Ármúla 40
Ístak hf
Engjateigi 7
Íþróttafélagið Fylkir
Fylkisvegi 6
Íþróttasamband fatlaðra
Engjavegi 6
J. S. Gunnarsson hf
Fossaleyni 10
Jazzballettskóli Báru
Lágmúla 9
Jónshús ehf, byggingaverktakar
Álftamýri 65
Kælivélar ehf
Hryggjarseli 10
Kapalþjónustan
Safamýri 85
Kemis ehf
Breiðhöfða 15
Kjaran ehf
Síðumúla 12-14
Kjartan Gunnarsson
Starhaga 4
Klapparholt ehf
Esjugrund 68
Klébergsskóli
Knattspyrnusamband Íslands
Laugardal
Konsept ehf
Þingholtsstræti 27
Kórall sf
Vesturgötu 55
KPMG endurskoðun hf
Borgartúni 27
Kraftur hf
Vagnhöfða 1
Kynning og markaður - KOM ehf
Borgartúni 20
Lagastoð ehf
Lágmúla 7, 6. hæð
Landakotsskóli
Landbúnaðarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7

# Persónan



**Nafn?** Einar Andrésson.

**Atvinna?** Öryrki.

**Hversu lengi verið félagi í Sjálfsbjörg?** Frá 1998.

**Hjúskaparstaða?** Einhleypur.

**Áttu börn?** Nei.

**Áttu gæludýr?** Nei.

**Tómstundir?** Félagsstörf, tónlist, leiklist.

**Hvaða bíómynd sástu síðast?** Passion of Christ.

**Hvernig tónlist hlustar þú á?** Alla tónlist.

**Hvaða bók lastu síðast?** Heimur í hnotskurn eftir Giovanni Guareschi.

**Hvað myndir þú gera ef þú hefðir öll völd heimsins í hendi þér í einn dag?** Bæta lífsgæði þeirra sem minna mega sín í samfélaginu.

**Ertu oft í góðu skapi?** Hæfilega.

